

Skagabyggð

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/2075
komudagur 9.4.2008

Örlygsstöðum II 545 Skagaströnd
4. apríl 2008.


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál.

1. Niðurlagning byggingarnefnda er skerðing á lýðræðislegri málsmeðferð og leiðir af sér aukinn kostnað. Umræða og ákvarðanatataka um mannvirkjagerð verður einhæfari. Ætlunin virðist vera að flytja völd frá löglega kjörnum fulltrúum almennings til embættismanna og sérfræðinga undir því yfirskini að sérfræðingar viti betur en kjörnir fulltrúar. Ekki verður fallist á það sjónarmið, enda hafa sveitarfélög aðgang að sérfræðingum eftir því sem þurfa þykir.
2. Ný ríkisstofnun, Byggingarstofnun er óþörf. Greinilegt er að kostnaðarauki verður verulegur. Almennigur þarf að greiða svokallað byggingaröryggisgjald árlega og einnig er um verulegan kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð. Ekki er hægt að sætta sig við að þessi stofnun fái heimildir til að grípa inn í stjórnslu sveitarfélaga með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í lagafrumvarpinu.
3. Aðskilnaður skipulags og byggingarmála leiðir til þess að heildaryfirsýn vantar og kostnaður verður meiri.

Virðingarfyllst

Oddvin Skagabyggðar


Rafn Sigurbjörnsson